

# á víðavangi

## Hann vill ríkisrekstur Flugleiða

Það var aldeilis sprellfjörugt Kastljósið á föstudaginn var. Þjargræðisheitur þjóðarinnar og fastagestir Kastljóssins báðir mættir. Menn segja að þessir tveir þurfi ekki annað en flytja mál, bara eitthvert mál, og þá beini fréttamenn að þeim kastljósum. Enda gera þeir sig heimakomna og rifast með orðbragði sem við hin notum aðeins í stofunum heima hjá okkur. Fyrir vikið þarf enginn að sakna þróðu leikaranna þegar þeir Ólafur Ragnar Grímsson og Vilmundur Gylfason birtast á skerminum. Kannski ekki nema von að sjónvarpið leggi svona mikla áherslu á þá þegar skortur er á innlendum skemmtipáttum.

Í deilum Vilmundar og Lúðvíks Jósefssonar um vextina fékkst ekki nokkur botn í málið fremur en fyrri daginn. Þetta er raunar gamalt deilumál og miklu mun skörulegar tálkabi Jón Skaftason á síðasta þingi rökinn fyrir raunvöxtum eða hávöxtum þó kastljósin væru þá fjarri.

### Einokun og samkeppni

Miklu forvitnilegri er allur málatilbúnaður Ólafs Ragnars Grímssonar á hendur Flugleiðum og Eimskip. Að vísu skil ég ekki fyllilega hvað vakir fyrir Ólafi þegar hann dregur Flugleiðir og Eimskip undir einn glæpahatt, annað fyrirtækið fyrir að vera laust við samkeppni hitt fyrir of harða samkeppni og bæði fyrir einokunarástöðu.

Það er nokkuð svo landlægt á Íslandi að hallmæla Eimskip og Flugleiðum og ekki alltaf fyrir sakir sem þessi fyrirtæki bera ábyrgð á. Síð af öllu dettur mér í hug að verja síðustu aðför Eimskips að Bifróst en þó er það satt að fremur hefur hallað á Eimskip en hitt varðandi einokunarástöðu á síðustu árum. Skipafélög í landinu eru orðin

mörg og stærstu skip landsins t.d. eru í annarra eigu en Eimskips svo eitthvað sé nefnt.

### Ekki á hvers manns færi

Ólafur Ragnar Grímsson virðist halda að það sé á hvers manns færi að reka millilandaflugfélag á borð við Flugleiðir. Óneitanlega hafa Flugleiðir nokkra einokunarmöguleika á flugi til og frá Íslandi. Síkt er í sjálfu sér illt en spurning er hvort það er ekki þrátt fyrir allt farsælast fyrir Íslendinga að hrófla þar sem minnst við hlutunum. Þess er skemmt að minnast að tvö millilandaflugfélög Íslensk hafa á þessum áratug reynt að koma sér á fót en bæði lagt upp laupana í sjálfstæðum rekstri. Ekki mest vegna samkeppninnar við Flugleiðir heldur miklum mun fremur vegna fjárvöntunar og rekstraráhættu.

Það er einu sinni óneitanleg staðreynd að til rekstrar trausts millilandaflugfélags þarf ógrynni fjár. Það þýðir ekkert fyrir skýjaglópa eins og Ólaf Ragnar Grímsson að horfa fram hjá þeirri staðreynd. Bara ein flugvél sem slíkt fyrirtæki þarf til rekstrarins kostar milljarða rekstur hennar kostar milljarða, viðhald kostar milljarða. Hvað þá þegar vélar þurfa að vera margar. Flugleiðir berjast þrátt fyrir allt í bökum að þessu leyti. endurnýjun er geysidýr. Það er t.d. nú fyrst að Flugleiðir eru að eignast breiðþotu langt á eftir öllum öðrum samsamlegum flugfélögum.

### Ríkisrekstur lausnin?

Nú er Ólafur Ragnar Grímsson ekki svo skyni skroppinn að hann geri sér ekki grein fyrir þessu og öllum öðrum ástæðum þess að á Íslandi þrífst aðeins eitt millilandaflugfélag á borð við Flugleiðir. Spurningin er



Eigum við að leyfa ríkinu að skammta okkur hvort tveggja, gjaldeyrinn og fargjaldið?



Ólafur Ragnar Grímsson.

ekki hvort það sé einokun, spurningin er hver er á bak við hana og einmitt þar á Ólafur aðra lausn, nefnilega ríkið. Þetta er kjarni málatilbúnaðar Ólafs þegar umbúðunum hefur verið flett utan af. Og þetta er lausn sem hvorki ég né ótal aðrir landsmenn geta fellt sig við. Nögu illilega grasserar Parkinsonslögmálið í steindaubum ríkisstofnunum þó að margar séu að vísu sjálfsagðar og nauðsynlegar en aðeins dreppur í dróma af hæfileikalausum flokksgæðingum.

Menn geta endalaust deilt um, hvort Flugleiðir eins og þær eru nú reknar, þjóni landsmönnum nægilega vel og ódýrt, þar er einokunarástædan óneitanlega hættuleg. Því má þó ekki gleyma að í landinu er verðlags- eftirlit og a.m.k. í flugmálum er landinn gagnrýnn á verð. Sé það keyrt upp kemst landinn einfaldlega ekki þangað sem hann vill og Flugleiðir missa spón úr aski sínum. Ríkið sparar hins vegar gjaldeyri. Má nú t.d. af því sjá hversu annarlega hagsmuni ríkið gæti haft teki það við rekstri Flugleiða.

### Fargjaldamismunur

Ólafur Ragnar Grímsson benti á mismunandi fargjöld Íslendinga og erlendra manna sem rök fyrir lélegri þjónustu Flugleiða. Hér er að vísu atriði sem í sumum greinum þarfnast útskýringa og þar sem rannsókn kann að vera sjálfsögð. Þó liggja aðrar orsakir þessa máls öllum samsamlega greindum mönnum í augum uppi. Ef fyrirtæki eins og Flugleiðir flýgur til ákveðins lands eða borgar vegna eftirspurnar Íslendinga reynir þetta sama fyrirtæki að ná upp einhverjum markaði í því landi sem flogið er til í því skyni að auka sætanýtingu og koma í veg fyrir t.d. að vélu sé flogið tómum heim. Það er því gyllt fyrir útlendingum með lágum fargjöldum að fara ferð sem þeir annars hefðu ekki farið. Þannig fæst eitthvað upp í kostnað og greiðir niður fargjöld Íslendinga með aukinni sætanýtingu og þjóðinni aflast gjaldeyri.

### Æsipingmennska

Óneitanleg eru margir fleir á máli sem þessu og þó að tillaga Ólafs Ragnars Grímssonar eigi fullan rétt á sér á þingi mætti rökstuðningur hans fyrir henni vera hóflegri. Í öllum hama-ganginum við að svarta Flugleiðir sem á sínum tíma voru sam eináðar úr samkeppnis-fyrirtækjum fyrir milligöngu ríkisins mættu menn reyna að minnast þess að Flugleiðir eru þrátt fyrir allt eitt af óskabörnum Íslands. Þær eiga með mörgu móti þátt í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, landkynningu og þar fram eftir götunum. A vegi svo mikils fyrirtækis í litlu landi kunna að verða margar freistingar en ætli Flugleiðir hafi ekki staðist þær merkilega vel. Það er aftur spurning hvort Ólafur Ragnar Grímsson stenst freistingar mógsefjunaral-mættisins nægilega vel í æsipingmennskutílbúðum sínum.

KEJ



Frá afhendingu bóka-gjafarinnar í Bókasafni Vestmannaeyja.

## Bókasafni Vestmannaeyja

### — afhent bóka-gjöf

Nýlega var Bókasafni Vestmannaeyja afhent mjög vegleg bóka-gjöf frá v-þýska félaginu Behaim Gesellschaft, samtals 110. Er hér um að ræða mjög gott úrval þýskra bóka-menna, auk rita um hin margvíslegustu efni. Allar eru bækurnar í afar fallegu bandi og góðu og bera þýskum bóka-

gerðarmönnum fagurt vitni.

Fyrir Bókasafni Vestmannaeyja kemur þessi bóka-gjöf sér mjög vel því að þýskar bækur í safninu voru fremur fáar fyrir og svöruðu engan veginn eftirspurn. Karlheinz Krug, sendiráðsritari, afhenti gjöfina við stutta athöfn í safninu.

### Sunnlendingar - bændur og byggingamenn

Höfum fyrirbyggjandi töluvert magn af timbri í ýmsum stærðum á hagstæðu verði. Heflum og sögum timbrið samkvæmt óskum yðar.

Komið eða hringið og við veitum allar nánari upplýsingar.

### Byggingafélagið Dynjandi s.f.

Gagnheiði 11 Selfossi  
Sími 99-1826 og 99-1349

## Helmingur myndanna seldur...

### — Góð aðsókn á Dali-sýninguna

ATA — Sýningin hefur gengið mjög vel í alla staði, sagði Konráð Axelsson hjá Myndkynningu, en Myndkynning stendur að sýningu að Kjarvalsstöðum á grafík-myndum eftir Salvador Dali.

Sýningin hefur nú staðið í rúma viku og um það bil helmingur myndanna hefur selst og milli tvö og þrjú þúsund manna hafa séð sýninguna.

— Fimm tíu myndir hafa selst og lætur nærri að það sé um helmingur myndanna, en það eru aðallega ódýrustu myndirnar, sem selst hafa, sagði Konráð.

— Þetta er besta sýningin, sem Myndkynning hefur staðið að, bæði hvað varðar aðsókn og sölu. Allir sem komið hafa á sýninguna hafa verið mjög jákvæðir og margir hafa komið oftar en einu sinni. Þetta er heldur enginn smá karl, sem þarna sýnir, sagði Konráð Axelsson.

Sýningunni lýkur næstkomandi sunnudag.

